



Greinargerð vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir malarnám í Hólabrú

Steypustöðin – Námur kt. 531093-2409 hefur sótt um starfsleyfi fyrir malarnám í malarnámunni Hólabrú sem staðsett er í landi Innra Hólms norðan Hvalfjarðarganga. GPS hnit aðgangshliðs er 64.31356,-21.89489. Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir umfangi starfseminnar sem þar fer fram.

Þar til nýlegar voru rekstraraðilar námunnar tveir. Annars vegar Tak-Malbik ehf sem sameinast hefur Steypustöðinni – Námur ehf og Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar. Vélarleigan hefur hætt rekstri í námunni. Steypustöðin – Námur hefur því yfirtekið allan rekstur námunnar og byggt upp þá aðstöðu sem þar er.

Staðhættir

Staðháttum í námunni er ítarlega lýst í skýrslu: „Hólabrú í Hvalfjarðarsveit -Efnistaka. Mat á umhverfisáhrifum“ sem unnin var af Environice og Almennu Verkfræðistofunni og gefin út í júní 2009. Þar kemur fram að efnistaka úr Hólabrú hefur farið fram um áratugaskeið og að fyrirhuguð sé áframhaldandi efnistaka á þessum slóðum næstu 20 árin eða fram undir 2030. Vinnanlegt efnismagn er áætlað um 2.000.000 m³. Árleg efnistaka er áætluð 40.000 m³ til 100.000 m³. Skýrslan fylgir með þessar greinargerð.

Mynd 1 sýnir nýlega loftmynd af námunni og á hana eru teiknaðar útlínur svæðisins.




Mynd 1 Nýleg loftmynd af námunni í Hólabrú þar sem útlínur hennar eru sýndar.

Athafnasvæði námunnar er allt í notkun. Svæði þar sem efnistöku er lokið er notað sem lagersvæði fyrir unnið efni. Á jaðri námunnar hefur jarðvegsmön verið rutt upp til að bæta ásýnd og veita skjól og á þann hátt minnka svifryk.



Húsnæði, rotþró og mengunarvarnir

Mynd 2 sýnir afstöðu starfsmannaaðstöðu og verkstæðis til rotþróar og olíuskilju. Starfsmannaaðstaðan er samsett úr 9 starfsmannagámum en verkstæðið er steipt hús.



Mynd 2 Afstaða starfsmannaaðstöðu og verkstæðis til rotþróar og olíuskilju

Verkfræðistofan Ferill hannaði útfærslu rotþróar og olíuskilju. Mynd 3 sýnir lagnir og tengingar frá starfsmannaaðstöðu og verkstæðisbyggingu að rotþró og sand- og olíuskilju.



Mynd 3 Tengingar rotþróar og sand- og olíuskilju.



Nánari úrfærsla á frágangi lagna er sýnd á teikningum 14515-2-01 og 14215-2-02 frá Ferli sem fylgja þessari greinargerð.

Í námunni í Hólabrú er ekki unnið önnur hættuleg og/eða mengandi efni en olíuvörur og þá eingöngu á verkstæðinu þar sem sand- og olíuskiljan grípur þau efni sem hugsanlega fara til spillis.

Eldsneytistankur

Í Hólabrú eru tveir eldsneytistankar með litaða dísel olíu. Stærð þeirra er 6000 lítrar og 3000 lítrar. Staðsetning þeirra er sýnd á mynd 4.



Mynd 4 Staðsetning starfsmannaaðstöðu, verkstæðis og olíutanka í Hólabrú.

Þvottastöð

Staðsetning þvottastöðvar sýnd á mynd 4. Vatn sem notað er til efnisþvottar er yfirborðsvatn tekið úr læk frá lind í fjallinu. Eftir þvott er vatnið leitt úr námunni og rennur til sjávar.

05.05.2022

Virðingarfyllt

Guðbrandur Guðmundsson

Öryggisstjóri

Steypustöðin ehf.